

Breytingartillaga

við frumvarp til laga um fjárhagsaðstoð til greiðslu tryggingar fyrir kostnaði vegna gjaldþrotaskipta.

Frá allsherjar- og menntamálanefnd.

1. 3. gr. orðist svo:

Fjárhagsaðstoð samkvæmt lögum þessum skal aðeins veitt að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- a. umsækjandi á í verulegum greiðsluörðugleikum og ekki verður talið sennilegt að greiðsluörðugleikar hans muni líða hjá innan skamms tíma,
- b. umsækjandi getur ekki staðið skil á tryggingu fyrir kostnaði vegna gjaldþrotaskipta skv. 2. mgr. 67. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl., að teknu tilliti til eigna- og skuldastöðu, sem og ráðstöfunartekna hans og framfærslubyrði,
- c. önnur greiðsluvandaúrræði hafa verið reynd eða umboðsmaður skuldara metur það svo að önnur greiðsluvandaúrræði séu ekki til þess fallin að leysa greiðsluvanda umsækjanda.

Fjárhagsaðstoð samkvæmt lögum þessum verður ekki veitt ef:

- a. aðstæður við stofnun skulda eða síðari ráðstafanir skuldara benda ótvírætt til þess að hann hafi hegðað sér óheiðarlega til þess að geta leitað fjárhagsaðstoðar,
- b. skuldari hefur af ráðnum hug eða með grófri vanrækslu veitt rangar eða villandi upplýsingar um aðstæður sem eru mikilsverðar í málinu,
- c. skuldari hefur bakað sér skuldbindingu sem einhverju nemur miðað við fjárhag hans með háttsemi sem varðar refsingu eða skaðabótaskyldu,
- d. skuldari hefur efnt til fjárfestinga sem hefðu verið riftanlegar við gjaldþrotaskipti eða gert ráðstafanir sem hefðu verið riftanlegar,
- e. skuldari hefur á ámælisverðan hátt látið undir höfuð leggjast að standa við skuldbindingar sínar eftir því sem honum var framast unnt,
- f. greiðsluaðlögunarumleitani hafa verið felldar niður skv. 15. gr. laga um greiðsluaðlögun einstaklinga, sbr. c- og d-lið 1. mgr. og d-g-lið 2. mgr. 6. gr. og 12. gr. sömu laga.

2. Við 4. gr.

- a. Í stað orðanna „síðasta skattframtal hans“ í 2. mgr. komi: síðustu fjögur skattframtöl hans.
- b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Umboðsmanni skuldara er heimilt, að fengnu skriflegu samþykki umsækjanda, að afla nauðsynlegra gagna frá opinberum aðilum, sem og þekktum lánardrottnum. Skylt er þeim aðilum að veita umboðsmanni skuldara umbeðin gögn.

3. Fyrirsögn 5. gr. orðist svo: *Ákvörðun um veitingu fjárhagsaðstoðar.*

4. Í stað orðanna „er heimilt að setja“ í 8. gr. komi: setur.

5. Í stað dagsetningarrinnar „1. janúar“ í 9. gr. komi: 1. febrúar.

6. 10. gr. orðist svo:

Við gildistöku laga þessara verða eftirfarandi breytingar á öðrum lögum:

1. *Lög um umboðsmann skuldara, nr. 100/2010, með síðari breytingum:* Við 2. mgr. 1. gr. laganna bætist nýr stafliður, svohljóðandi: taka ákvörðun um hvort veita skuli fjárhagsaðstoð til greiðslu tryggingar fyrir kostnaði vegna gjaldþrotaskipta samkvæmt lögum um fjárhagsaðstoð til greiðslu tryggingar fyrir kostnaði vegna gjaldþrotaskipta.
 2. *Lög um tekjuskatt, nr. 90/2003, með síðari breytingum:* Við 3. tölul. 28. gr. laganna bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Sama gildir um fjárhagsaðstoð til greiðslu tryggingar fyrir kostnaði vegna gjaldþrotaskipta samkvæmt lögum um fjárhagsaðstoð til greiðslu tryggingar fyrir kostnaði vegna gjaldþrotaskipta.
7. Við bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:
Lög þessi skulu endurskoðuð fyrir árslok 2014.